



Námsmat og vitnisburður

Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim og því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær verða að hæfa hæfniviðmiðum, endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá.

Lindaskóli hefur þessi markmið að leiðarljósi og eru nemendur metnir allan ársins hring með fjölbreyttum og margvíslegum leiðum. Foreldrar eiga að geta fylgst með heimanámi barna sinna inni á mentor.is sem og niðurstöðum kannana, hæfni þeirra og framförum þó að munur sé á endurgjöf eftir því á hvaða aldurstigi nemandinn er.

Í foreldraviðtölum á haustönn er farið almennt yfir líðan nemandans, skólabyrjun, hvernig námið fer af stað og hvernig því miðar. Ekki eru afhent formleg vitnisburðarblöð heldur eru þessi viðtöl hugsuð sem almennt spjall á milli heimilis og skóla.

Í foreldraviðtölum á vorönn sem eru í febrúar eða mars fá foreldrar afhend vitnisburðarblöð.

1. – 4. bekkur fær afhent vitnisburðarblað með umsögnum
5. – 7. bekkur fær afhent vitnisburðarblað með einkunnum í tölustöfum
- 8.- 10. bekkur fær munnlegt stöðumat úr hverri grein fyrir sig þar sem þau eru í komin í nýtt námsmat aðalnámskrár. Allar kannanir, próf og verkefni fara inn á mentor þar sem nemendur geta fylgst með stöðu sinni út frá þeim verkefnum og prófum sem þeir hafa leyst og fá endurgjöf í formi lita og umsagnar frá kennurum um hvað þurfi að bæta til að færast yfir á næstu hæfni.



Litirnir eru:

Blár = Framúrskarandi hæfni

Grænn = Hæfni náð

Fjólublár = Á góðri leið

Gulur = Þarfnast þjálfunar

Rauður = Hæfni ekki náð

Nemendur fá vitnisburðarblað afhent aftur í kringum skólaslit í júní og þá er námsmatið eftifarandi:

1.-4. bekkur fær umsagnir í öllum námsgreinum

5. -7. bekkur fær einkunnir í bókstöfum í öllum námsgreinum

8.-10. bekkur fær einkunnir í bókstöfum í öllum bóklegum greinum og íþróttum sem eru:

A, B+, B, C+, C,D

Allar list- og verkgreinar sem og sundið eiga að birtast á vitnisburðarblaði á vorönn hjá öllum árgöngum hvort sem það var kennt fyrir eða eftir jól.

Einkunnir í valgreinum í 9. og 10. bekk fara eingöngu inn að vori (í júní) og er það valkvætt hvort kennarar gefa lokið/ólokið eða bókstafi.